

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 31.10.2015

---

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 31.10.2015

Mætt voru Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Vignir Sveinsson.

Vignir setur fundinn og stýrir honum.

Dagskrá er eftirfarandi:

1. Styrkbeiðni frá USAH
2. Fjárbeiðni Stígamót
3. Styrkbeiðni v/Landsmóts æskulýðsfélaga Þjóðkirkjunnar
4. Viðhald girðingar í kirkjugarðinum á Höskuldsstöðum
5. Bréf frá Eftirlitsnefnd sveitarfélaga
6. Air 66
7. Rætur samþykktir og þjónustusamningur
8. Sóknaráætlun N.V
9. Fjárhagsáætlun 2016 og þriggja ára áætlun
10. Önnur mál

## 1. Styrkbeiðni frá USAH

Borist hefur styrkbeiðni frá USAH v/2016 að upphæð kr. 60.000.- Sveitarstjórn samþykkir beiðni.

## 2. Fjárbeiðni Stígamót

Borist hefur fjárbeiðni frá Stígamótum v/2016. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Stígamót um kr. 10.000

## 3. Styrkbeiðni v/Landsmóts æskulýðsfélaga Þjóðkirkjunnar.

Beiðni um styrk v/Landsmóts æskulýðsfélaga frá Skagastrandarprestakalli er samþykkt. Styrkt verður um kr. 50.000

## 4. Viðhald girðingar í kirkjugarðinum á Höskuldsstöðum

Borist hefur bréf frá sóknarnefnd Höskuldstaðarkirkju v/endurnýjunar girðingar um kirkjugarðinn. Áætlaður efniskostnaður er kr. 174.000. Skagabyggð mun taka þátt í kostnaði í hlutfalli við íbúafjölda í sókninni.

## Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 31.10.2015

---

### 5. Bréf frá Eftirlitsnefnd sveitarfélaga

Borist hefur erindi frá Eftirlitsnefnd sveitarfélaga v/ákvæða sveitarstjórnarlaga um miklar fjárfestingar. Oddvita falið að svara erindi.

### 6. Air 66

Borist hefur erindi frá Air66 með ósk um stuðning við Flugklasann Air 66. Erindi hafnað.

### 7. Rætur samþykktir og þjónustusamningur

Teknar voru fyrir samþykktir og þjónustusamningur fyrir byggðasamlagið Rætur bs. Sveitarstjórn samþykkir þjónustusamning sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks. Oddvita falið að skrifa undir í umboði sveitarstjórnar.

### 8. Sóknaráætlun NV.

Skagabyggð staðfestir samning um sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019

### 9. Fjárhagsáætlun 2016 og þriggja ára áætlun

Fjárhagsáætlun v/2016 og þriggja ára áætlun lögð fram og vísað til seinni umræðu,

### 10. Önnur mál.

Magnús benti á mikið hrafnaver sem er í nálægð við kornakra og ræðst á búfé og heyrúllur hjá bændum í nágrenninu. Ákveðið að skoða málið.

Fleira ekki tekið fyrir fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða. Fundi slitið kl. 16,40